

Lykilupplýsingaskjal

Erlent verðbréfasafn



Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Erlent verðbréfasafn er fjárfestingarleið lífeyrissparnaðar sem Almenni lífeyrissjóðurinn býður upp á, kt. 450290-2549. Vefsíða lífeyrissjóðsins er <https://www.almenni.is> og þú getur óskað eftir frekari upplýsingum um afurðina með því að hringja í 510-2500 eða með því að senda tölvupóst í netfangið almenni@almenni.is. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 og er eftirlitsskyldur aðili skv. lögum nr. 87/1998 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þetta lykilupplýsingaskjal er dagsett 13.12.2024.

Viðvörðun: Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Fjárfestingarleiðin er leið til að nýta hluta af iðgjöldum af launum, bæði framlagi launþega sjálfs sem og mótframlagi launagreiðenda til að ávaxta í formi lífeyrissparnaðar. Iðgjöld af launum eru færð á sérreikning viðkomandi ásamt vöxtum og verðbótum.

Fjárfestingarleiðin fjárfestir í hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum, í erlendum gjaldmiðlum. Safnið er í daglegum gengisútreikningi og eru allar eignir gerðar upp á gangvirði. Ávöxtunin ræðst af þróun fjármálagerninga á verðbréfamörkuðum. Erlent verðbréfasafn fjárfestir að jafnaði óbeint í fjármálagerningum í gegnum verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði. Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla A laga nr. 129/1997 sem á við um viðbótartryggingarvernd og í samræmi við fjárfestingastefnu fjárfestingarleiðarinnar á hverjum tíma. Viðmið sem notuð eru til að reikna sviðsmyndir eru byggð á sögulegri ávöxtun eignasafns erlendra hlutabréfa hjá Almenna og heimsvísitölu ríkisskuldabréfa (WGBI Index). Viðmiðið er valið vegna sambærilegra áhættu- og ávöxtunareiginleika sem talið er að endurspegli eignasafnið.

Lífeyrissjóðurinn telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda fyrir því að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma. Nánari upplýsingar má finna í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og í eigendastefnu.

Markmið

Markmið Erlends verðbréfasafns er ávöxtun lífeyrissparnaðar þar sem fjárfesting miðar að langtímahækkun eigna í dreifðu eignasafni erlendra verðbréfa.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Aðild að Erlendu verðbréfasafni er öllum opin og hentar því öllum þeim sem vilja tryggja sér lífeyrissparnað við starfslok. Fjárfestingu í verðbréfum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta eins og samantekni áhættuvísirinn og árangurssviðsmyndir bera með sér. Uppsagnarfrestur á samningi um viðbótarlífeyrissparnað eru tveir mánuðir. Inneign greiðist ekki út við uppsögn. Til útgreiðslu kemur ekki fyrr en við 60 ára aldur, nema til komi örorka, andlát, fyrstu fasteignakaup, fyrirframgreiðsla sparnaðarins á grundvelli tímabundinna heimilda í lögum nr. 129/1997 eða heimild vegna íbúðarkaupa í lögum nr. 111/2016. Engin lokadagsetning afurðar er til staðar. Sjóðfélagar geta hvenær sem er flutt inneign í aðrar fjárfestingarleiðir hjá Almenna lífeyrissjóðnum eða öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér. Áhættumat byggist á sögulegum sveiflum viðmiðs safnsins.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 3 af 7 þ.e.a.s. meðallágur áhættuflokkur.

Útreikningur á tapi fjárfestingarleiða í meðallágum áhættuflokki sýnir að það er ólíklegt að óhagstæðar markaðsaðstæður hafi áhrif á getu okkar til að greiða þér. Það er engin trygging fyrir því að þú náir ákveðinni ávöxtun og því getur þú tapað hluta eða allri þinni fjárfestingu. Þær greiðslur sem þú færð eru alfarið háðar virði safnsins á hverjum tíma sem mun reiða sig á ávöxtun fjáreigna í framtíðinni sem eru óvissar. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef við getum ekki greitt þér það sem við skuldum gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Þú berð ekki áhættu umfram það sem greitt hefur verið til sjóðsins.

Eðli verðbréfa er að verð þeirra sveiflast en til lengri tíma lituð hækka verðbréf að jafnaði í verði. Verðbreytingar eru mismiklar eftir tegundum verðbréfa og með því að blanda saman verðbréfaflokkum með lága eða neikvæða fylgni má draga úr sveiflum í ávöxtun. Með lengri eignarhaldstíma minnka sveiflur í ávöxtun þar sem mæld ávöxtun yfir lengra tímabil inniheldur þá bæði tímabil hárrar og lágrar ávöxtunar.

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 7 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að þú fái minna til baka.



Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni. Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri þess viðmiðs sem lagt er til grundvallar síðustu 12 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Ráðlagður fjárfestingartími: 7 ár		1 ár	7 ár (Ráðlagður fjárfestingartími)
Dæmi um fjárfestingu: 100.000 kr. á ári			
Sviðsmyndir			
Álagssviðsmynd	Pað sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	46.209	424.287
	Meðalávöxtun á ári	-53,8%	-12,5%
Óhagstæð sviðsmynd ^{1) 2)}	Pað sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	85.984	806.787
	Meðalávöxtun á ári	-14,0%	3,6%
Hófleg sviðsmynd ^{3) 4)}	Pað sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	108.177	931.138
	Meðalávöxtun á ári	8,2%	7,1%
Hagstæð sviðsmynd ^{5) 6)}	Pað sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	130.082	1.086.230
	Meðalávöxtun á ári	30,1%	11,0%
Uppsöfnuð fjárfest fjárhæð		100.000	700.000

¹⁾ Óhagstæð sviðsmynd (1 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli desember 2015 og desember 2016.

²⁾ Óhagstæð sviðsmynd (7 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli mars 2013 og mars 2020.

³⁾ Hófleg sviðsmynd (1 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli október 2022 og október 2023.

⁴⁾ Hófleg sviðsmynd (7 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli maí 2016 og maí 2023.

⁵⁾ Hagstæð sviðsmynd (1 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli mars 2020 og mars 2021.

⁶⁾ Hagstæð sviðsmynd (7 ár). Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á milli júní 2017 og júní 2024.

Hvað gerist ef Erlent verðbréfasafn getur ekki greitt út?

Ef þær aðstæður koma upp að Erlent verðbréfasafn verður ógreiðslufært er ekkert bóta- eða ábyrgðarkerfi sem sjóðfélagi getur leitað til vegna tjóns sem hlýst af því.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til einkiptiskostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfar í tvö mismunandi fjárfestingartímabil m.v. hóflega sviðsmynd. Einnig eru sett fram möguleg gjöld sem sjóðurinn kann að leggja á við flutning inneignar til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 100.000 krónum á hverju ári í sjóðnum. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni
- 100.000 kr. á ári er fjárfest fyrir

Fjárfesting: 100.000 kr. á ári		
Sviðsmyndir	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	699 kr. (en allt að 1.699 kr. ef inneign er flutt til annars vörsluaðila)	26.311 kr. (en allt að 35.643 kr. ef inneign er flutt til annars vörsluaðila)
Árleg áhrif kostnaðar (*)	0,70% (en allt að 1,70% ef inneign er flutt til annars vörsluaðila)	0,70% (en allt að 0,95% af meðaleign ef inneign er flutt til annars vörsluaðila)

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 7,8% fyrir kostnað, 7,1% eftir kostnað en 6,1% ef inneign er flutt til annars vörsluaðila.



Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlagðs fjárfestingartíma
- Merking mismunandi kostnaðarflokka
- Flutningur á milli safna getur haft í för með sér kostnað, vísast að öðru leyti á heimasíðu sjóðsins varðandi gjaldskrá. Enginn kostnaður er tekinn við útgreiðslu lífeyris. Ef inneign er flutt sérstaklega á milli safna eða til annars vörsluaðila greiðist kostnaður samkvæmt gjaldskrá sjóðsins.
- Kostnaður sem fram kemur í töflunni hér að neðan er byggður á ársuppgjöri lífeyrissjóðsins fyrir árið 2023 og kemur fram í ársreikningi sjóðsins. Söfn Almenna lífeyrissjóðsins greiða heildarkostnað við rekstur sjóðsins og er rekstrarkostnaði skipt á milli safna eftir stærð þeirra.

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú gengur út eftir ráðlagðan fjárfestingartíma
Inngöngukostnaður	Við innheimtum almennt ekki inngöngugjald fyrir utan flutning inneignar á milli ávöxtunarleiða sem ekki eru í Ævileið (0,05%).	0,01%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum almennt ekki útgöngugjald fyrir þessa afurð fyrir utan flutning inneignar á milli ávöxtunarleiða sem ekki eru í Ævileið (0,05%) eða til annars vörsluaðila (1,0%).	0,01%-0,14%
Viðvarandi kostnaður		Árleg áhrif kostnaðar ef þú gengur út eftir ráðlagðan fjárfestingartíma
Viðskiptakostnaður eignasafns	Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breyting eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,00%
Stjórnunargjöld og annar stjórnsýslu- eða rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum. 0,70% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á árinu 2023	0,70%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		Árleg áhrif kostnaðar ef þú gengur út eftir ráðlagðan fjárfestingartíma
Árangursgjöld	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0,00%

Heildarkostnaður samanstendur af samsetningu á kostnaðinum fyrir undirliggjandi fjárfestingarmöguleika sem valdir eru og öðrum kostnaði fyrir fjárfestingarleiðina og hann er breytilegur á grundvelli hinna undirliggjandi fjárfestingarmöguleika.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður lágmarks fjárfestingartími: 7 ár

Erlent verðbréfasafn hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína alfarið í erlendum verðbréfum og þola nokkrar sveiflur í ávöxtun. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna, en talsverðar verðsveiflur geta orðið á erlendum verðbréfamörkuðum og þá hafa breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla einnig áhrif á uppgjörsvirði eigna safnsins. Ráðlagður lágmarks fjárfestingartími er 7 ár.

Almennt er óheimilt að ráðstafa lífeyrissparnaðinum fyrr en við 60 ára aldur og gilda sérlög um meðferð þessa sparnaðarforms, sem eru lög nr. 129/1997 auk þess sem sérstakar samþykktir gilda um meðferð lífeyrissparnaðarins hjá lífeyrissjóðnum sem nálgast má á heimasíðu sjóðsins. Við vissar aðstæður getur þú tekið fé út fyrr en við 60 ára aldur, t.d. ef þú verður fyrir áfalli og uppfyllir skilyrði til tóku örorkulífeyris. Við örorku er hægt að taka séreign út á 7 árum miðað við 100% örorku. Einnig má tímabundið ráðstafa 500 þúsundum kr. á ári til þess að greiða, skattfrjálst, inn á húsnæðislán fyrir einstakling, en samtals 750 þúsund kr. fyrir hjón. Að sama skapi mega þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign, og þeir sem ekki hafa verið eigendur að íbúðarhúsnæði síðastlíðin fimm ár, nota viðbótarlífeyrissparnað í 10 ár til að safna skattfrjálst upp í útborgun eða til að greiða niður höfuðstól á sambærilegan hátt og í séreign inn á lán sbr. lög nr. 111/2016. Við andlát rétthafa erfist innstæðan.

Fyrir flutning á inneign á milli ávöxtunarleiða Almenna lífeyrissjóðsins annarra en Innlánasafns er greitt 0,1% af fluttri inneign.

Fyrir flutning á inneign á milli ávöxtunarleiða Almenna lífeyrissjóðsins og Innlánasafns er greitt 0,05% af fluttri inneign.

Fyrir flutning á inneign úr Erlendu verðbréfasafni yfir í söfn annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar greiðist allt að 1% af fluttri inneign í flutningsgjald, en þó aldrei minna en kr. 5.000.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Ef þú hefur kvartanir fram að færa skaltu vinsamlegast hafa samband við starfsmenn sjóðsins með því að senda tölvupóst á almenni@almenni.is eða með því að senda sjóðnum bréf á Dalveg 30, 201 Kópavogi.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Á heimasíðu sjóðsins má lesa nánar um ávöxtun, gengisþróun ávöxtunarleiða, greiningu eigna og finna fjárfestingastefnu. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð árlega.